

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir vatnsaflsvirkjun í Rangá, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti 6. febrúar 2008, deiliskipulag fyrir 160 kW vatnsaflsvirkjun í Rangá, Fljótsdalshéraði. Deiliskipulagið nær yfir um 53 ha og felur í sér m.a. 160 kW virkjun, stöðvarhús og aðrennslispípu auk aðkomuleiðar sem er í landi Rangár ásamt stíflumannvirki sem er í landi Rangár og Skógargerðis. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Fljótsdalshéraði, 9. júlí 2008.*

**Ómar Þ. Björgúlfsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. júlí 2008